

15. fundur hverfisnefndar Lunda- og Gerðahverfis. Haldinn í Lundarskóla þriðjudaginn 9. janúar kl. 20.30.

Mætt: Aðalgeir, Aðalbjörn, Sædís, Ólafur og Ingibjörg

1. Haldið áfram umræðu um aukið umferðaröryggi og þá sérstaklega kostun á hraðakassa sem nefndin myndi festa kaup á. Ólafur tók að sér að ræða við ákveðin fyrirtæki um málið og Sædís tók að sér að kanna ferli slíks erindis í kerfinu. Aðalbjörn hafði rætt við innflytjanda kassana og fengið verðhugmyndir frá honum.
2. Rætt var um leiðir til að merkja börnin betur. Ekki voru allir sammála um hvaða tæki væri best til þess – hvort kaupa ætti vesti til að gefa börnum eða önnur endurskinsmerki. Ingibjörg tók að sér að kynna þessa hugmynd fyrir skólastjóra Lundarskóla og ræða um leið samvinnu milli skólayfirvalda og nefndarinnar.

Fleira var ekki rætt og var fundi slitið kl. 21.20.